TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2001/54/EB **2003/EES/23/36**

frá 11. júlí 2001

um niðurfellingu tilskipunar 79/1066/EBE um greiningaraðferðir til prófunar á kaffikjarna og síkóríukjarna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/4/EB frá 22. febrúar 1999 um kaffikjarna og síkóríukjarna ([1]), einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Greiningaraðferðirnar í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 79/1066/EBE ([2]) sem byggist á tilskipun ráðsins 77/436/EBE ([3]) eru úreltar.

2) Í tilskipun ráðsins 89/397/EBE frá 14. júní 1989 um opinbert matvælaeftirlit ([4]) og tilskipun ráðsins 93/1999/EBE frá 29. október 1993 um viðbótarráðstafanir varðandi opinbert matvælaeftirlit ([5]) er kveðið á um greiningar sem á að framkvæma til að kanna hvort matvæli samræmist lagaákvæðum. Í því skyni skulu aðildarríkin tryggja að aðferðirnar sem þau nota séu fullgiltar eins oft og mögulegt er, einkum með tilliti til stöðlunar Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO).

3) Mikilvægi þess að kanna hvort kaffikjarni sé ósvikinn, í því skyni að berjast gegn sviknum og menguðum vörum, hefur haft í för með sér alþjóðlegt staðlastarf sem Alþjóðlegu staðlasamtökin hafa haft með höndum. Bandalagið tekur þátt í þessu starfi og afrakstur þess eru ISO-staðlar fyrir leysanlegt kaffi.

4) Af þeim sökum er ekki nauðsynlegt í skilningi tilskipunar ráðsins 85/591/EBE frá 20. desember 1985 um að koma á bandalagsaðferðum við sýnatöku og greiningu vegna matvælaeftirlits ([6]) að viðhafa opinberar greiningaraðferðir á vegum bandalagsins fyrir kaffikjarna og síkoríukjarna. Því ber að fella tilskipun 79/1066/EBE úr gildi í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 1999/4/EB.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvæli.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 79/1066/EBE fellur úr gildi.

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 1. febrúar 2001.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. júlí 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtíð. EB L 191, 13.7.2001, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2002 frá 25. júní 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 49, 3.10.2002, bls. 20.

([1]) Stjtíð. EB L 66, 13.3.1999, bls. 26.
([2]) Stjtíð. EB L 327, 24.12.1979, bls. 17.
([3]) Stjtíð. EB L 172, 12.7.1977, bls. 20.
([4]) Stjtíð. EB L 186, 30.6.1989, bls. 23.
([5]) Stjtíð. EB L 290, 24.11.1993, bls. 14.
([6]) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1985, bls. 50.